

SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Sætúni 1 · 105 Reykjavík · Sími 561 0769 · Símbref 561 0774

Alþingi
Erindi nr. P 139/1499

komudagur 25. 2. 2011

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík 23. febrúar 2011.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um tekjuskatt (sjómannaafsláttur), 275. mál.

Sjómannasamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum. Frumvarpið fjallar um rétt sjómanna til sjómannaafsláttar. Í gildistöku a-liðar 24. gr. laga nr. 128/2009, um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum, sem samþykkt voru á Alþingi 21. desember 2009, felst að afnema skuli sjómannaafslátt í áföngum frá og með 1. janúar 2011.


Skerðingarferlið á sjómannaafslættinum í núverandi mynd er því hafið og gera núgildandi lög ráð fyrir að sjómannaafslátturinn verði að fullu fallinn brott 1. janúar 2014.

Sjómannasamband Íslands mótmælti á sínum tíma þeirri aðför Alþingis að kjörum sjómanna sem fólst í lagasetningunni þann 21. desember 2009 um afnám sjómannaafsláttarins.

Sjómannasamband Íslands ítrekar hér með þau mótmæli og telur engin rök fyrir því að ráðist sé sérstaklega að kjörum sjómanna eins og gert var með lagasetningunni 2009.

Í fyrirliggjandi frumvarpi er gert ráð fyrir að sjómannaafslátturinn verði tekinn upp aftur í annarri mynd en hann var áður en skerðingarferlið hófst. Sjómannasamband Íslands gerir ekki athugasemd við það með hvaða hætti sjómenn njóta sjómannaafsláttar. Aðalatriðið er að sjómenn njóti sjómannaafsláttar og að sá afsláttur sé ekki lakari en afslátturinn sem sjómenn nutu áður en skerðingarferlið hófst. Að mati Sjómannasambands Íslands yrði sjómannaafslátturinn til sjómanna síst lakari en hann var fyrir skerðingu verði þetta frumvarp að lögum. Sjómannasamband Íslands styður því frumvarpið og mælist til þess að það verði sem fyrst að lögum.

f.h. Sjómannasambands Íslands,


Hölmgeir Jónsson